



# Dómstóll ÍSí

Dómur 15. júlí 2025

Mál nr. 10/2024 FRH

**[kærandi]**

f.h. ólögráða barns

**gegn**

**[kærði]**

Skautafélagi Reykjavíkur, íshökkídeild

Með vísan til gr. 28.3 í lögum ÍSí er aðeins birtur útdráttur úr dómi þessum.

## Dómur - útdráttur

### *Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

1. Lögmaður kæranda óskaði eftir endurupptöku á máli nr. 10/2024 á grundvelli nýrra gagna. Var þess krafist að ákvörðun kærða um að vísa barni kæranda úr íþróttastarfi kærða fengi efnismeðferð hjá dómstólnum.

### *Helstu málsatvik*

2. Kærði óskaði eftir að barn kæranda tæki sér hlé frá íshökkíæfingum vegna [...] þar til stuðningsaðili yrði tiltækur til að fylgja barninu á æfingar.

### *Helstu málsástæður kæranda*

3. Kærandi hélt því fram að um ólögmeta útilokun frá æfingum væri að ræða sem byggðist á fötlun og uppruna barnsins.
4. Umrædd ákvörðun jafngilti brottvísun og væri í andstöðu við lög, reglur og mannréttindasáttmála.

### *Helstu málsástæður kærða*

5. Kærði hafnaði ásökunum kæranda um mismunun og vísaði til þess að beiðni um að barnið tæki sér hlé frá æfingum væri liður í því að tryggja öryggi og velferð allra iðkenda á meðan leitað væri lausna.



6. Ekki hefði verið tekin formlega ákvörðun um brottvísun barnsins úr félaginu heldur aðeins óskað eftir því að barnið tæki tímabundið hlé frá æfingum þar til aðstæður leyfðu endurkomu.

#### *Niðurstaða*

7. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki lægi fyrir formleg ákvörðun um brottvísun barnsins úr íþróttastarfi.
8. Þar sem ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um útilokun og málið virðist enn til meðferðar á milli aðila, var talið að ekki væri unnt að fjalla um efni málsins að svo stöddu.
9. Með vísan til þess og 20.3 gr. laga ÍSÍ var málinu vísað frá dómi.

#### **Dómsorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Ólafur Björnsson dómari

